



Vesturland XIV. árg. 8. júní 1937

Bjarni Benediktsson – Vesturland XIV. árg. 8. júní 1937 – Gísli Jónsson – Gunnar Thoroddsen – Bjarni Benediktsson – Sigurjón Jónsson – Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-4, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VESTURLAND

XIV. árgangur.

Ísafjörður, 8. júní 1937.

25. tölublað.

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins á Vestfjörðum.



Gísli Jónsson,

frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Barðastrandarsýslu, er gamall Barðstrendingur; sonur Jóns Hallgrímssonar á Bakka. Gísli hefir rutt sér glæsilega lífsbraut með eigin atorku og dugnaði. Hefir hann jafnan haft mikinn áhuga á þjóðmálum og kynt sér þau mál svo, að fáir munu honum fróðari vera. Hefir þetta komið glögt fram á framboðsfundum í sýslunni. Þekking Gísla á öllum atvinnuhögum þjóðarinnar er sprottin beint úr skóla reynslunnar. Er mikil nauðsyn að slíkir menn nái þingsæti, til forustu og leiðbeiningar um úrlausn þessara mikilvægu mála.

Vonandi bera Barðstrendingar giftu til að Gísli nái kosningu.



Gunnar Thoroddsen,

frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Vestur-Ísafjarðarsýslu, er einn úr hinum glæsilega hópi ungranna er síðustu árin hafa safnast undir stefnu Sjálfstæðisflokksins. Gunnar er þegar nokkuð reyndur sem þingmaður, og hefir hlotið þann sambuga dóm, jafnt andstæðinga sem samherja, að hann sé einn hinna nýtustu þingmanna.


Gunnar er áhugamaður um almenn mál. Gáfaður og ágætlega mentaður, víðsýnn en þó varfærinn, með mikilli stjórnmálaþekkingu.

Vonandi bera Vestur-Ísfirðingar gæfu til að fá hann sem fulltrúa sinn á næsta Alþingi.



Bjarni Benediktsson,

frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins hér á Ísafirði, er einn glæsilegi frambjóðandi úr hópi ungra Sjálfstæðismanna. Ísfrizkum kjósendum hefir nú gefist nokkur kostur á að kynnast honum, og þau kynni munu fara vaxandi við dvöl hans hér fram til kosninga, þar sem hann mun enn á opinberum vettvangi skýra afstöðu Sjálfstæðisflokksins til þýðingarmestu málefna þjóðarinnar. Sú stutta kynning sem orðin er hefir sannfært ísfrizka kjósendur um að Bjarni Benediktsson muni skipa þingsætið fyrir Ísafjörð með þryði og sóma.



Sigurjón Jónsson,

frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Norður-Ísafjarðarsýslu. Sigurjón er óvenju gáfaður maður með allhliða þekkingu á högum lands og þjóðar. Sigurjón var þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar 1924—'27 og naut slíks trausts og áhlits á þingi, að fáttit er um nýliða. Vildu samherjar Sigurjóns hér fá hann enn sem þingmannsefni bæjarins og töldu sem rétt er vænlegar horfur um kosningu hans hér. En fyrir almennar áskoranir Norður-Ísfirðinga gaf Sigurjón kost á sér til framboðs í sýslunni, þar sem hann vissi að erfitt myndi að fá þangað frambjóðanda.

Sigurjón er maður sívinnandi, afkastamaður til allra verka, og má í engu vamm sitt vita. Engir þeirra manna, sem nú eru í framboði, munu hafa meiri þekkingu á atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar, og fáir til jafns við hann. Og þar er maður sem vel hugsar um verk sín; sanngjarn, réttsýnn og samvinnuþýður, en þó jafnframt hinn fasti óhvikuli maður við hvert það mál, sem getur bætt hag lands og lýðs.

Hvert það vegsemdar- og vanda-starí, sem Sigurjón hefir tekið að sér, hefir hann leyst svo af hendi, að jafnt hefir hlotið lof andstæðinga sem samherja.

Norður-Ísfirðingar skipa sitt þingsæti með sæmd og þryði, með því að kjósa Sigurjón Jónsson 20. þ. m., og láta hann ná kosningunni með miklum meirihluta.

Örvænting rauða flóttans.

Blóðþýsla rauðu fylkingarinnar, sem þeir þykjast hafa súrsað frá því 1932, er nú síðasta blekkingahálmstráíð til þess að halda saman kjósendahjörðinni.

Með nýjum lygum og blekkingum ætla rauðliðar sér að vinna kosningarnar. Á málefni minnst þeir ekkert. Er það óbein játning um drýgðar misgerðir. Þjóðin veit að rauða fylkingin hefir stofnað og hvatt til upphlaupa og óeirða. Bomban mun því springa í fang hennar, og afhjúpa vesaldóminn, sem engin frambærileg vopn hefir sér til varnar, en ber fram hinar ósvífnu lygar, sem þegar hafa verið algerlega hraktar af formanni Sjálfstæðisflokksins.

Á þingmálafundi á Hólmavík 2. þ. m. bar Hermann Jónsson fram þær staðhæfingar, að Ólafur Thors hefði í nóvember 1932 haft tilbúna 400 manna lögreglusveit, og ætlað henni að fangelsa 20 nafngreinda forkólfa verklyðsfélaganna í Reykjavík og geyma þá í varðhaldi í kjallara Sundhallarinnar.

Félagar Hermanns, kommúnistar og kratar, hafa smjattað á sömu ósannindunum, en fundið að almenningur trúði þeim ekki og því heimtað „staðfestingu“ forsætisráðherrans til þess að veifa henni framán í lýðinn, í því trausti að eitthvað fiskaðist á hana af atkvæðum, og hægt yrði að stöðva flóttann í líðinu.

Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefir í Morgunblaðinu 6. þ. m. gert ýtarlega grein fyrir áburði þessum og lýst hann tilhæfulausan ósannindi Leiðir Ólafur fram staðreyndir gegn staðleysum Hermanns, og sannar algerlega sitt mál. Kveðst hann stefna Hermann, ef hann endurtaki þessi ósannindi.

(Framh. á 2. síðu.)

Örvænting rauða flóttans:

(Framh. af 1. síðu.)

Það eru líka til fleiri vitnisburðir en umsögn Ólafs til þess að hnekka þessum ósannindum. Það er t. d. vitnisburður Tímans eða Hermanns sjálfs, sem ritaðir eru strax eða jafnhliða atburðunum. Þar er Hermann fyrst og fremst þakkað, að Héðinn & Co. hafi ekki tekist að koma á ógnarstjórn í Reykjavík. Hermann er líka þakkað fyrir varalögregluna, sem talið er víst í blaðinu, að haldið hafi uppblausmönnum svo í skefjum, að þeir hafi ekki lagt aftur til blóðugra upphlaupa. Á Ólaf Thors, sem þá var dómsmálaráðherra, minnst „Tíminn“ sem aukapersónu í þessum framkvæmdum, og fer um það viðurkenningarorðum, að samvinna hans og Hermanns sem lögreglustjóra hafi verið hin bezta, og það hjálpað til þess að fá sem fljótast æskilega lausn þessara mála.

Hermann 1932 og Hermann 1937 eru því algerlega tvísaga í málinu.

Og önnur gögn sýna, að framburður Hermanns 1937 er í mótsögn við sannleikann, og miðaður eingöngu til framdráttar hinni pólitísku flatsæng Framsóknar, Kommúnista og krata. Og framburður Hermanns vekur óþægilegan grun um að hann hafi líka sem þáverandi lögreglustjóri í Reykjavík ekki verið laus við eða hreinn af upphöfnu 9. nóvember 1932, en snúið við blaðinu, er hann sá að lögreglan hafði sigrast á upphlausmönnum. — Styðst þetta líka við framkomu Hermanns, sem þá strax var gerð að umræðuefni í blóðunum, og þótti undrum sæta.

Hversvegna kom líka Hermann og þeir kumpánar ekki fram með þessar ásakanir fyrir kosningarnar 1934, ef fyrir þeim væri nokkur fótur, heldur þykjast hafa geymt þær í súru þar til nú?

Það er af þessum ástæðum:

1. að ásakanir forsætisráðherrans á hendur Ólafi Thors eru ósannindi;
2. að 1934 voru atburðirnir 9. nóv. 1932 þjóðinni í svo fersku minni, að þá var þýðingarlaust að láta slíka blekkingabombu fljúga;
3. Öll þjóðin vissi þá, að ríkisstjórnin þurfti að verjast og koma á friði eftir upphlaupið 9. nóv., sem framkvæmt var af heilðsölum og spekulöntum í rauðu fylkingunni í Reykjavík, en ekki af verkamönnum, og beint til þess stofnað að ná yfirráðum í landinu með byltingu. Kendu foringjarnir hver öðrum um á eftir að þetta mistókst;

4. Nú er bomban smíðuð til áherzlu og undirstrykunar á þeirri lygi, að Sjálfstæðisflokkurinn sé einræðisflokkur. Með því á að gera þjóðina hrædda. Fá hana til þess að gleyma lofordasvikum þeirra rauðu; leynd þeim sannleika að einmitt þeir sjálfir biða færni til einræðis, kúgunar og blóðugrar byltingar;
5. Að flóttinn í rauða liðinu yfir í raðir andstæðinganna var orðinn svo áberandi, að hver vetna hrikkir í valdastólunum, sem bitlingabjörðin og embættalýðurinn verður að verja til hins ítrasta.

Það er líkast því sem þeir hafi sagt við Hermann: Hvort viltu heldur missa völdin og tignina eða ljúga, og hann fallið fyrir freistingunni.

En þessi lygi dugar þeim ekki heldur. Þjóðin sér nú og skilur blekkingarnar og svikin, og mun dæma þessara loddara eins og þeir hafa unnið til við kjörborðið 20. júní næstk.

Hin rauða kúgunarkrúla nær ekki inn í kjörklefann. Þar er þjóðin frjál.

Ólíkt aðhafst.

Vegna hins hörmulega aflabrests undanfarinna ára í sjávarþorpunum hér í Norður-Ísafjarðars. flutti Jón Auðunn tillögu á síðasta þingi um það að ríkissjóður verði **nokkrum hluta af því fé sem veitt er til atvinnubóta** til þess að bæta afkomu sjómanna í Bolungavík, Hnífsdal og Álftafirði, **þeirra sem vinna fyrir hlut.**

Jón færði óyggjandi sönnur fyrir réttmæli þessarar tillögu og sýndi með óhrekjandi dæmi fram á það að tekjur verkafólks í landi mundu aukast mjög við það að hægt yrði þá fyrir sjómennina að halda áfram veiðunum. Fátækraframferið í þessum sjóþorpum mundi lækka, en tekjur sveitarsjóðanna og ríkissjóðs stórukast við þessa ráðstöfun.

Engin rök dugðu. Raudliðar voru staðráðnir í að **svæfa** þessa nauðsynlegu og sanngjörnu tillögu og þeir gerðu það líka.

Þetta gera sömu mennirnir sem veita fleiri hundruð þúsunda króna á ári úr ríkissjóðnum í bitlinga til fámennrar klíku í Reykjavík og nokkurra svokallaðra foringja út um land, t. d. Finns og Hagalíns.

Kjósundur! Að hverjum mundu þið fremur hlýna? Klíkubroddunum með hátekjurnar, eða sárþindum sjómönnum og atvinnulitlum verkamönnum?

Jón Auðunn og Sjálfstæðismenn á þingi, voru ekki í vafa

um hverjum bæri fremur að veita styrk.

Um þetta er einnig barist nú við kosningarnar.

Árvakur.

Bolungavíkurdeilan leyst á þeim grundvelli er Sjálfstæðismenn lögðu til í byrjun.

Hinn 5. þ. m. var undirritaður samningur, er leysir deiluna í Bolungavík, sem eyðilagst hefir vorvertíðina og þar með stórlega rýrt atvinnu plássbúa í vor og í sumar.

Skifti og kjör sjómanna mega heita alveg sömu og verið hefir. Niður fellur 4% af brúttóaflla, (aukagjald) sem dregið var frá af óskiftu og skiftist milli háseta. Á síldveiðum er 10 kr. hækkun á mánaðarkaupi, ef þannig er ráðið.

Í samninginn eru tekin skifti á dragnótaveiðum: Skulu vera 14-staða skifti með 6 menn.

Útgerðarmenn eru lausir við tryggingarkröfuna, sem sjómenn beindu til þeirra, en Hólshreppur hefir samþykkt að greiða allt að 75 kr. uppbót á hlut á mánuði frá 1. febrúar til maí-mánaðarloka næsta ár, unz hlutir hafa náð 125 kr. upphæð til jafnaðar á mánuði. Framlag hreppsins hafa alþingisframhjódendur sýslunnar heitið að fá að mestu úr ríkissjóði, og Sigurjón Jónsson bar fram á sameiginlegum fundi hreppsnefndarinnar og framhjódendanna þann grundvöll, sem lagður var að lausn deilunnar. Er sá grundvöllur eins og Sjálfstæðismenn bentu á í byrjun, að einn væri fær, svo líklegt væri, að sanngjarnar og sjálf-sagðar kjarabætur sjómanna fengjust.

Forsprakkar verkfallsins vildu þá engum sömum taka, enda verfallið pólitískt frá þeirra hendi. Fyrir það hefir nú vorvertíðin eyðilagst algerlega, og þó hún hefði reynt aflatreg, munar það miklu fyrir afkomu Bolungavíkur, sem að mestu er bundin við fiskveiðarnar, að missa vorvertíðina.

Samningurinn gildir til 1. janúar 1939, og skal sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Jafnframt samningnum um kjör og skifti sjómanna var nýr samningur um kaup verkafólks. Aðalbreytingin frá eldri samningi er 5 au. hækkun á kaupum karlmanna í venjulegri dagvinnu; verður það 1 kr. á klst. í stað kr. 0,95 áður.

Sem dæmi þess hvernig rauða samfylkingin reynir að nota lygar og blekkingar sér til framdáttar

má nefna þessa málsgrein úr síðasta Skutli, sem stendur í lofrollu Finns um framkvæmdir hans í síldarmálunum:

»Nú í ár fluttu margir Sjálfstæðismenn tillögu um að greiða 70 aura uppbót á hvert síldarmál hjá ríkisverksmiðjunum í fyrria, en verksmiðjur einstakra manna áttu enga uppbót að greiða. Þetta stefndi að því, að spilla svo fjárhag ríkisverksmiðjanna, að þær gætu ekki kept við Kveldúlfverksmiðjuna á Hjalteyri um síldarverðið á þessu ári, svo Kvöldúlfur gæti einn framvegis ráðið síldarverðinu. Því auðvitað færur ríkisverksmiðjurnar fljótt á höfuðið, ef þær ættu alt af að bera töpin, en mættu aldrei fá neinn gróða.«

Hér eru höfð algerð endaskifti á sannleikanum, eins og vant er hjá þeim sósíalístum. Að síldarverksmiðjur ríkisins greiddu ekki uppbót á bræðslusíldarverðið síðastliðið sumar veldur því, að verksmiðjur einstakra manna, sem vitanlega hafa ódýrari rekstur en ríkisverksmiðjurnar, fá að sitja að öllum gróðanum í skjóli hins lága verðlags ríkisverksmiðjanna. Í öllum sölusamningum um bræðslusíld er ákveðið, að kaupandi skuli svara því verði sem ríkisverksmiðjurnar gefa. Með ráðslagi Finns, eða í skjóli við skálkinn, eru útgerðarmenn og sjómenn sviptir réttlátu og sanngjörnu verði á bræðslusíldinni.

Síldin komin.

Vélbáturinn Einar Þveræingur frá Ólafsfirði fékk um 70 tn. af hafsíld í 15 net út af Siglunesi í fyrri nótt.

Síldin hefir 11% fitu.

Þrátt fyrir kuldann virðist talsverð hafsíld vera gengin að Norðurlandi. Fiskiskip hafa séð síld vaða á Skagagrunni og víðar, og vélbáturinn Einar Þveræingur frá Ólafsfirði fékk um 70 tn. af hafsíld í 15 net út af Siglunesi í fyrrinótt.

Síldin hefir mælt 11% feit. Engin herpinótaskip eru enn farin á veiðar, en munu fara næstu daga.

Nú er svo komið, að þjóðin á mest undir því komið að rífkuleg síldveiði verði í sumar.

Vöxtur og viðgangur iðnaðarins hvílir á sigri Sjálfstæðismanna.

Sóslalistar láta svo sem þeir hafi fyrstir manna beitt sér fyrir því að koma upp innlendum iðnaði. Telja þeir, að iðnaðurinn standi og falli með innflutningshöftunum, og þar sem þeir beri ábyrgð á höftunum sé þeim viðgangur iðnaðarins einnig að þakka.

Þessar fullyrðingar eru að mestu leyti staðlausir stafrir. Að vísu er það rétt, að sóslalistar bera manna mest ábyrgð á hinni mjög hlutdrægu og óheppilegu framkvæmd innflutningshaftanna. Hitt er þar á móti fjarstæða, að hér hafi iðnaður ekki þrífist fyrir innflutningshöftin hófust.

Skv. manntalinu 1930, sem er síðasta fullkomna heimildin í þessu efni, lifðu þá af iðnaði í Reykjavík 8169 menn af 28304. Af fiskveiðum lifðu einnig 4576 og verzlun 4435. Á þessum árum, þ. e. löngu áður en innflutningshöft sóslalistanna komu til, lifði þannig tæpur þriðji hluti Reykvlkinga af iðnaði, og var iðnaðurinn þannig langfjölmennasta atvinnugreinin. Það er þannig engin nýjung, að fleiri menn lifi í Reykjavík á iðnaði en fiskiveiðum, þó að Finnur Jónsson sagði frá þeim á kosningafundinum um daginn sem einhverju sérstökum afreki núverandi stjórna.

Fróðustu manna álit er, og að mjög tvísýnt sé, hvert gagn iðnaðurinn hafi af innflutningshöftunum. Munu þess ekki fá dæmi, að iðnframleiðsla hafi orðið að stöðvast í bili, vegna þess að ekki hafi fengist innfluttar nauðsynlegar efnivörur, og verður naumast ágreiningur um, að höftin fremur hindri iðnaðinn en greiði fyrir honum þegar svo stendur á.

Hitt er þó enn mikilsverðara, að sá iðnaður, sem einungis þrífst í skjóli innflutningshaftanna, en ekki til frambúðar. Haftastefnan er ein versta plágan, sem siglt hefur í kjölfar „skipulagningar“ postulanna. Má segja, að henni hafi á alveg furðulega áhrifaríkan hátt tekist að lama öll heimsviðskifti og þar með skapa atvinnuleysi og örbirgð, þar sem sæmleg afkoma var áður. Víðsýnum mönnum hefur verið þetta ljóst frá upphafi og hafa þeir sagt, hvernig fara mundi. Ói margir berja þó enn höftinu við steininn og telja sinum hag bezt borgið með því að útiloka sig frá viðskiftum við aðra. Þeim, er svona líta á, fækkar ódum, og menn eru nú sammála um, að innan skamms muni höftin að mestu leyti hverfa úr heiminum. Þegar svo er komið

fá þau ekki staðist til lengdar hér á Íslandi og skiftir í því sambandi ekki máli hverjir með völdin fara.

Sá iðnaður, sem einungis er byggður upp í skjóli innflutningshaftanna, er þess vegna ekki til frambúðar. Það fé, sem í hann er lagt hlýtur áður en lýkur, að fara forgörðum og þeir, sem treysta á atvinnu við hana, hljóta alt of fljótt að verða fyrir vonbrigðum.

Innflutningshöftin verka þannig ýmist beinlínis til hindrunar iðnaðinum eða þau skapa hjá mönnum falsvonir, sem von bráðar bregðast og öllum eru til illa. Sá flokkur, sem um stuðning sinn við iðnaðinn vitnar helzt til innflutningshaftanna, hefur því sannarlega ekki af miklu að státa.

Sjálfstæðismenn hafa hinsvegar tekið alt aðra aðstöðu, iðnaðinum miklu hagkvæmari. Þeir vilja að vísu til hins ítrasta vernda þann iðnað, sem fyrir er í landinu, til þess að hann megi veita sem allra flestum atvinnu. En þróuninni í iðnaðinum vilja Sjálfstæðismenn haga þannig, að sá iðnaður, sem upp vex, verði samkeppnisfær við iðnað annara landa, en hangi ekki á horriminni í skjóli innflutningshafta, sem von bráðar hverfa úr sögunni.

Sjálfstæðismenn vilja, að ríkið greiði á allan hátt fyrir, að iðnaðurinn verði samkeppnisfær. Er það í góðu samræmi við þá grundvallarreglu þeirra, að ríkið á að styðja einstaklinginn í lífsbaráttunni, en ekki hindra hann og stöðva, eins og sóslalistar reyna.

Lang mikilvægastar í þessu efni eru aðgerðir Sjálfstæðismanna til að útvega iðnaðinum ódýra orku til vinstunnar. Hafa þeir í því efni, og þá fyrst og fremst með að koma á virkjun Sogsins, gert meira en nokkur annar flokkur fyrir iðnaðinn í Reykjavík, en það er einmitt af iðnaðinum, sem sóslalistar stæra sig mest.

Önnur mikilvæg mál, sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur unnið að og mun beita sér fyrir, iðnaðinum til góðs, eru: Útvegum hagkvæmra stofn- og reksturslána, stofninn ransóknarstofu fyrir iðnaðinn og efling Landssambands iðnaðarmanna.

Með öllu þessu er öfluglega unnið að því að gera iðnaðinn samkeppnisfæran. En sú viðleitni getur því aðeins tekist, að þeim iðngreinum einum sé hjálpað, sem edli sínu samkvæmt er hægt að reka hér. Sá iðnaður, sem

þessvegna fyrst og fremst kemur til mála að styðja, er vinsla úr efnivörum, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. Má þar einkum nefna hagnýtingu ýmiskonar fiskafurða, landbúnaðarafurða og verðmætra efna, sem finnast kunna í jörðu.

Sá iðnaðurinn, sem eins og nú standa sakir, hefir langmesta þýðingu fyrir hag almennings og ríkis er síldarbræðslan. Ef síldarverksmiðjurnar væru ekki, yrði mestur hluti íslenska flotans að liggja í höfn í sumar, og fyrirsjáanleg væri neyð almennings og gjaldþrot ríkisins. Hefi eg þegar áður bent á það, að tilvera þessara verksmiðja er fyrst og fremst að þakka einkaframtakinu, sem um byggingu þeirra hefir þurft að etja við grimmilega andstöðu kratabroddanna. En að svo miklu leyti, sem ríkið hefir lagt hönd á plóginn, hafa Sjálfstæðismenn átt þar hlut að máli, ekki síður en aðrir, heldur fremur.

Fyrir stað eins og Ísafjörð mundi það verða mjög mikilsverð hjálp, ef hér væri komið upp hæfilegri síldar- og karfabræðslu. Sýnast slíkar bræðslur hafa verið reistar á ýmsum stöðum, þar sem minni ástæða er til en á Ísafirði. Að þessu máli þarf að vinna og er sjálfsagt að ríkið veiti sinn stuðning hér ekki síður en annarstaðar.

Í þessum efnum stóðar samt ekki fremur en í öðrum atvinnumálum að trúa og treysta einungis á ríkisaðgerðir. Einkaframtakið, sjálfsbjargarhvöt allra dugandi manna, verður ætíð drýgri á metaskálunum en öll opinber forsjá. Þessi sannindi urðu sóslalistar einnig að játa á flokkþingi sínu í haust er leið, þegar þeir ályktuðu, að þeir vildu styðja einkaframtakið til að koma upp nýjum iðnaði. Ástæðan til þessa var sú, að jafnvel skipulagningarráðgjafarnir verða að játa, að einstaklingarnir væru hér sem ella líklegri til að ryðja brautina en ríkið. Hinu gleymdu þeir að segja frá, að ýmsan þann iðnað, sem einkaframtakinu hefir þegar tekist að koma upp, eru sóslalistar nú að brjóta niður með óhóflegum skattaá-lögum.

Hvernig sem á er lítið, er það því víst, að Sjálfstæðismönnum einum er treystandi til þess að efla iðnaðinn svo, að hann megi veita verulega nýja atvinnu fyrir almennig og verða lyftistöng fyrir landið í heild.

Bjarni Benediktsson.

Stórstúkuþingið

verður í ár haldið hér á Ísafirði, og hefst 1. júl næstk.

Atvinnukúgun Finns.

Kúgunin afsökuð með því að aðrir hafi líka kúgað, en logið bæði á lifandi menn og löngu dauða.

Það er auðsjáanlegt að Finni hefir þótt leitt að atvinnukúgun sín gagnvart Gísla Helgasyni, sem skýrt var frá í 22. bl. Vesturlands 22. f. m. skuli berast út. Vill hann afsaka hana með þeirri lygi, að aðrir geri hið sama, og vikur því að h. f. Huginn með tilgreindu dæmi um Guðmund Guðmundsson frá Hnífsdal, og dylgjum um fleiri. Dylgjum verður Finnur að kyngja, eða nefna þar full nðfn, en dæmið um Guðmund er haugalygi frá upphafi til enda. — Guðmundur hefir undanfarið verið háseti á Huginn III. Þegar skipið byrjaði veiðar í vetur fór skipstjórinn, Indriði Jónsson, þess á leit við Guðmund, að hann yrði háseti hjá sér á vertíðinni, en Guðm. færðist undan. Sagði skipstjóri honum þá strax, að óvíst væri um pláss á síldarvertíð úr því svo væri. Þegar Guðmundur svo snemma í vor spurði eftir síldarpláss sagði skipstjóri honum ákveðið, að af því gæti ekki orðið, þar sem hann hefði ekki verið með sér í vetur. Lét Guðmundur sér þetta vel skiljast. Er það sitthvað, að geta ekki hleypt mönnum að í síldarpláss eða reka menn í land, sem verið hafa á vetrarvertíð, og búast að sjálfsögðu við að halda þá jafnframt skiprúmi á síldarvertíð, enda er það föst venja hér.

Ekki hafa Finnur & Co. getað á sér setið með nárottueðlið. Þeir seilast í Árna Jónsson sem legið hefir í grófl sinni í 17 ár með lognum svívirðingum. Er hér með skorað á Finn að nefna dæmi þess, að Árni hafi komið fram við háseta á skipum sínum, eins og hann gagnvart Gísla Helgasyni.

Og hvernig er það með verkalyðsfélögum? Voru þau ekki stofnuð gegn hverskonar atvinnukúgun og atvinnukúgum?

Nú horfa þau þegjandi á foringja sína fremja svo fúlmenskullega atvinnukúgun, að slíks eru engin dæmi fyr né síðar.

Þingmálafundur

hafa undanfarið staðið yfir í Norður-Ísafjarðarsýslu. Á sumum fundunum, einkum í Hnífsdal, hafði Vilmundur brugðið sér í leikaragerfið og fengið sér »klapplið« héðan úr bænum. Talaði hann lítið um landsmál, en því meir um Abessiníustríðið og styrjöldina á Spáni.

Reiknið sjálfir útsvar yðar:

Gjaldstigi

við niðurjöfnun útsvara á Ísafirði 1937.

Af 1000 kr. nettó ^o tekjum	25 kr. og 6% af afganginum.
2000 — — — —	85 — — 12% — —
3000 — — — —	205 — — 16% — —
4000 — — — —	365 — — 20% — —
5000 — — — —	565 — — 25% — —
6000 — — — —	715 — — 31% — —
7000 — — — —	1025 — — 38% — —
8000 — — — —	1405 — — 46% — —
9000 — — — —	1865 — — 55% — —
10000 — — — —	2415 — — 70% — —
11000 — — — —	3115 — — 90% — —

Af eignum alt að 2%.

Persónufrádráttur:

Fyrir konu kr. 300	Fyrir konu og 6 börn kr. 2400
Fyrir konu og 1 barn kr. 800	— — — — 7 — — 2700
— — — — 2 börn — 1200	— — — — 8 — — 2900
— — — — 3 — — 1500	— — — — 9 — — 3100
— — — — 4 — — 1800	— — — — 10 — — 3300
— — — — 5 — — 2100	

Tilkynning.

Skrifstofa Rafveitunnar er flutt í Aðalstræti 42 (þar sem skrifstofa Sjúkrasamlagsins er).

Framvegis verða báðar skrifstofurnar opnar alla virka daga 10—12 f. hád. og 1—3 e. hád., nema á laugardögum til kl. 12.

Sími okkar er 127.

Rafveita Ísafjarðar. Sjúkrasamlag Ísafjarðar.

Dragnótaveiðin.

9 bátar héðan eru byrjaðir drag-nótaveiðar. Hafa þeir aflað nú til mánaðamóta alls rúml. 18 smál. sem eru að verðmæti um 6600 kr. Bátarnir voru mjög misjafnt búnir til veiðanna. Sá bátur er fyrst byrjaði hefir aflað 6½ smál.

Girðingarstaurar

úr rekavið, gildir staurar og 6 feta langir, eru til sölu.

Semja má í einu um kaup á 1 þúsund staurum, eða minna. Ritstjóri vísar á seljanda.

Tilbúnað líkkistur

ávalt fyrirleggjandi.

Jón P. Olafsson,
Fjarðarstræti 11.

Hrífusköft

fást í Timburv. Björk.

Svefnpoki og ríffill


til sölu. — A. v. á.

Húseign mín, nr. 7 við Silfurgötu, er til sölu.

Laus til íbúðar frá 1. okt. næstk.

Kristján Arinbjarnar

héraðslæknir.



Ísfrizku rækjurnar nið-ursoðnu eru mesta lost-ætið, sem framleitt er á Íslandi.

Fást hjá kaupmönnum og kaupfélögum.

Trúlofunarhringar,

alt gull- og silfur-smíði ódýrast og bezt hjá Þórarni.

ÍSLENZKAR ÍFTRYGGINGAR



Líftryggingardeild.

Sjóvátryggingartélag Íslands H|F

Umboð: Verzlun J. S. Edwalds.

Timburverzl. Björk

hefir jafnan fyrirleggjandi:

Allskonar **timbur** til húabygginga. Þakjárn. Pappa. Saum. Skrár. Lamir. Gler o. fl.

◆◆◆ Spyrjist fyrir í BJÖRK áður en þér festið kaup á byggingarvörum annarstaðar.

Virðingarfylst:

Ragnar Bárðarson.

Nýkomið:

Kolanetaslöngur. Síldarneta- og aðrar garn-tegundir.

Verzlun J. S. Edwald. Sími 245.

Aðvörun.

Að gefnu tilefni eru samlagsmenn aðvarðir um að leita ekki læknishjálpar til annara en samlagslækna, í því trausti að Samlagið greiði hana.

Læknishjálpar og sjúkrahúsvist utan samlagssvæðisins verður ekki greidd, nema að samlagslæknir telji það nauðsynlegt.

Sjúkrasamlagið.

Tilkynning.

Fyrsti gjalddagi á heimtaugargjöldum var 1. júní. Sé alt gjaldið greitt fyrir 16. júní verður gefinn 25% afsláttur. Að öðru leyti fer um greiðslur eftir gjaldskránni.

Snúið yður því sem fyrst til skrifstofu okkar og veljið um greiðslukjörin.

Rafveita Ísafjarðar.

Ritstjóri: Arngr. Fr. Bjarnason

Prentstofan Ísrún.